


**ÁLIT**

**NEFNDAR UM FRAMTÍÐ**

**UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR**

Reykjavík  
Mars 1998



Hönnun forsðumerkis: Halldór Þorsteinsson  
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf.



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ


Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík  
Sími: 560 9900, bréfasími: 562 2373


Hr. utanríkisráðherra  
Halldór Ásgrímsson  
Rauðarárstíg 25  
150 Reykjavík


Reykjavík 13. mars 1998  
Tilvísun: 97100007/4.A.1  
GB/gmp


Hjálagt fylgir álit nefndar, sem þér skipuðuð hinn 16. maí 1997, til að gera úttekt á því hvernig utanríkisþjónustan geti best sinnt hlutverki sínu í breyttu umhverfi alþjóðastjórn mála og viðskipta. Við höfum nefnt álitid "Álit nefndar um framtíð utanríkisþjónustunnar". Í því eru m.a. tillögur um staðsetningu nýrra sendiráða og forgangsröðun verkefna.

  
Helgi Ágústsson


  
Geir H. Haarde

  
Margrét Frímannsdóttir


  
Siv Friðleifsdóttir

  
Sigurður Helgason

  
Benedikt Sveinsson

  
Jón Ásbergsson

  
Albert Jónsson

  
Ólafur Egilsson

# Efnisyfirlit

<b>I</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>7</b>
<b>II</b>	<b>TILLÖGUR NEFNDARINNAR</b>	<b>8</b>
II.1	ALMENN STARFSEMI	8
II.2	NÝJAR SENDISKRIFSTOFUR	9
<b>III</b>	<b>GREINARGERÐ</b>	<b>10</b>
III.1	BREYTT ALÞJÓÐAUMHVERFI	10
III.2	NÚVERANDI STARFSEMI	11
III.3	NÝJAR SENDISKRIFSTOFUR	15
	<i>III.3.a Fastanefnd í Vínarborg</i>	<i>15</i>
	Fyrirsvar hjá alþjóðastofnunum	15
	Sendiráð gagnvart Austurríki og öðrum umdæmislöndum	16
	Viðskiptahagsmunir	16
	Ferðamál	17
	Menningartengsl	17
	<i>III.3.b Sendiráð í Tókýó</i>	<i>17</i>
	Utanríkispólitískir hagsmunir	17
	Viðskiptahagsmunir	17
	Ferðamál	18
	Menningartengsl	18
	<i>III.3.c Sendiráð í Ottawa</i>	<i>19</i>
	Utanríkispólitískir hagsmunir	19
	Viðskiptahagsmunir	19
	Ferðamál	20
	Menningartengsl	20
<b>IV</b>	<b>FYLGISKJÖL 1-7</b>	<b>22</b>



# I INNGANGUR

Hinn 16. maí 1997 skipaði utanríkisráðherra nefnd, til að gera úttekt á því hvernig utanríkisþjónustan geti best sinnt hlutverki sínu í breyttu umhverfi alþjóðastjórn mála og viðskipta. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m. a.: „Nefndin skal m.a. gera tillögur um staðsetningu nýrra sendiráða á næstu árum og forgangsröðun verkefna.“ Ákveðið hafði verið á ríkisstjórnarfundum hinn 22. apríl, að utanríkismálanefnd tilnefndi fjóra fulltrúa í nefndina, þrjár fulltrúar kæmu úr íslensku atvinnulífi (þ. m. t. Útflutningsráði Íslands), tveir frá utanríkisráðuneytinu og einn frá forsætisráðuneytinu.

Eftirtaldir voru skipaðir í nefndina: Helgi Ágústsson ráðuneytisstjóri, formaður, Geir H. Haarde formaður utanríkismálanefndar, Margrét Frímansdóttir alþingismaður, Siv Friðleifsdóttir alþingismaður, Össur Skarphéðinsson alþingismaður, Sigurður Helgason forstjóri Flugleiða hf., Benedikt Sveinsson framkvæmdastjóri Íslenskra sjávarafurða hf., Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri Útflutningsráðs Íslands, Ólafur Egilsson sendiherra og Albert Jónsson deildarstjóri, forsætisráðuneytinu. Rítarar nefndarinnar voru Guðni Bragason sendiráðunautur, alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og Ólafur Sigurðsson sendiráðunautur, viðskiptaskrifstofu ráðuneytisins. Margrét Frímansdóttir gerði bókun við nefndarálitnið, sjá bls. 21. Össur Skarphéðinsson tók ekki þátt í störfum nefndarinnar og á því ekki aðild að nefndarálitinu.

Nefndin hafði í starfi sínu til hliðsjónar gildandi lög um utanríkisþjónustuna nr. 39/1971, en þar segir í 1. grein um verkefni utanríkisþjónustunnar: „Hún skal einkum gæta hagsmuna Íslands að því er snertir 1. Stjórnarmál og öryggismál, 2. utanríkisviðskipti, og 3. menningarmál.“

Auk þess hafði nefndin til hliðsjónar helstu lög, reglugerðir og samninga á sviði utanríkismála, m.a. forsetaúrskurð um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur nr. 11/1996, lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. nr. 106/1954, lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmalasamband nr. 16/1971, lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband nr. 4/1978, svo og lög um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969 og auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969.

Í fjárlögum fyrir árið 1998 nemur kostnaður ríkissjóðs af utanríkisþjónustunni um 0,8% af heildarútgjöldum ríkissjóðs, eða 1,4 milljörðum kr. Þar af kostar rekstur aðalskrifstofu 455 milljónir kr., rekstur sendiráða og fastanefnda 755 milljónir kr. og stofnkostnaður í sendiráðum verður 190 milljónir kr., en þar vegur þyngst sendiráðsbygging í Berlín.

Auk útgjalda vegna reksturs utanríkisþjónustunnar sjálftrar, ber að geta framlaga til alþjóðastofnana, þróunarmála og hjálparstarfsemi. Þau nema á árinu 1998 alls 697 milljónum kr. Á fjárlagalið utanríkisþjónustunnar eru einnig útgjöld vegna Keflavíkurflugvallar og Útflutningsráðs Íslands en á móti þeim koma tekjur. Í fylgiskjali 5 er gerð nánari grein fyrir útgjöldum til utanríkisþjónustunnar árin 1984-1997.

Nefndin kom saman til 16 funda frá júní 1997 til mars 1998.

Starf nefndarinnar skiptist í þrjá hluta. Fyrst fór fram greining á núverandi starfsemi og þróun starfseminnar síðasta áratug, þ. á m. þróun alþjóðamála á þeim tíma og stöðu þeirra um þessar mundir. Verkefnayfirlit utanríkisráðuneytisins var lagt fram, þar sem gerð er grein fyrir helstu verkefnum skrifstofa ráðuneytisins. Enn fremur lágu fyrir greinargerðir allra sendiráða og fastanefnda um starfsemi þeirra.

Þá var fjallað um styrkleika og veikleika í starfi utanríkisþjónustunnar. Leitast var við að leggja mat á þróun alþjóðamála og meta þau tækifæri, sem gefast í utanríkismálum, og áhrif ytri aðstæðna í því sambandi. Ennfremur fjallaði nefndin um það með hvaða hætti utanríkisþjónustan gæti brugðist við þeim kröfum sem nú eru gerðar til hennar.

Í lokabætti starfs nefndarinnar voru mótaðar tillögur með hliðsjón af markmiðum utanríkisþjónustunnar, bæði með tilliti til fyrstu aðgerða og langtímaáforma.

Fjöldi gagna var lagður fram á fundum nefndarinnar (sjá fskj. 7).

## II TILLÖGUR NEFNDARINNAR

Nefndin leggur áherslu á nauðsyn þess að Ísland hafi ávallt öflugan utanríkisþjónustu til þess að gæta í hvívetna hagsmuna Íslands gagnvart umheiminum. Ljóst er að verkefni utanríkisþjónustunnar hafa aukist verulega síðustu árin. Mannafli og búnaður er þó að mörgu leyti enn miðaður við þær aðstæður sem voru í utanríkismálum fyrir áratug. Nú eru að jafnaði starfandi í sendiráðum sendiherra og varamaður hans, auk tveggja ritara, íslensks og erlends. Nefndin telur þörf á að efla utanríkisþjónustuna og gerir eftirfarandi tillögur um að styrkja starf hennar, þ.e. utanríkisráðuneytisins, núverandi sendiráða, fastanefnda, kjörræðismanna, og um opnun nýrra sendiskrifstofa.

### II.1 Almenn starfsemi

- Tengsl milli ráðuneyta verði eflað á sviði utanríkismála þannig að fyrirsvar á alþjóðavettvangi verði betur samhæft og markvissara. Utanríkisráðuneytið hafi forystu um að stofna fasta samráðshópa á helstu málavæðum.
- Ráðuneytið efli til muna starf að auðlinda- og umhverfismálum í samræmi við aukið mikilvægi þessara málaflokka í alþjóðasamskiptum.
- Skrifstofur ráðuneytisins verði eflaðar til að tryggja trausta stefnumótun, vandaða úrvinnslu mála og til að takast á við ný og aukin verkefni.
- Nýstofnuð viðskiptaþjónusta ráðuneytisins (VUR) verði þróuð og eflað.
- Tryggja verður að sendiskrifstofur Íslands hafi á að skipa nægilegum fjölda starfsmanna til að sinna vaxandi verkefnum, m.a. með sveigjanleika í starfsmannahaldi sendiskrifstofa og samstarfi við önnur ráðuneyti um mannahald.
- Aukin áhersla verði lögð á að sendiráð Íslands í Evrópusambandsríkjum fylgist með málefnum ESB og fylgi í aðildarríkjunum eftir íslenskum hagsmunum hjá sambandinu.
- Markvisst verði unnið að því að koma Íslendingum tímabundið í stöður hjá alþjóðastofnunum þar sem íslensk reynsla getur nýst, jafnframt því sem aflað verður með störfum þessum nýrra sambanda og þekkingar er gagnast mun íslenskum hagsmunum.



- Fjármálastjórn ráðuneytisins og almennur rekstur verði styrktur, þ.á m. þannig að starfsmaður án flutningsskyldu annist daglega fjármálastjórn og hafi m.a. umsjón með fjárhagsáætlunum og framkvæmd þeirra.
- Ráðuneytinu verði gert kleift að halda áfram þeirri endurnýjun í tækjabúnaði sem fram hefur farið til að auka skilvirkni í starfi og bæta tengslin við sendiskrifstofur.
- Kjöræðismenn verði sem best nýttir í þágu íslenskra hagsmuna og þeim veittur öflugri stuðningur í mikilvægum störfum þeirra, m.a. með reglulegum ræðismannaráðstefnum.
- Tekið verði eðlilegt tillit til sérstakra aðstæðna flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustunnar vegna ítrekaðrar röskunar á högum sem starfinu fylgja, þ.á m. vegna kostnaðar af skólagöngu barna.
- Staða maka flutningsskyldra starfsmanna þjónustunnar verði bætt, m.a. hvað varðar lífeyrisréttindi og atvinnumál, í samræmi við mikilvægan skerf þeirra og hefðbundnar starfskvaðir.
- Um leið og nefndin leggur áherslu á að jafnan séu valdir til starfa í utanríkisþjónustunni þeir sem hæfastir eru umsækjenda, hvetur hún til þess að gætt verði jafnræðis milli kynjanna við ráðningar.

## II.2 Nýjar sendiskrifstofur

Vaxandi mikilvægi alþjóðastjórn mála og viðskipta leiðir af sér æ víðtækari þörf á hagsmunagæslu. Nefndin telur að stofna beri á næstu árum fastanefnd og ný sendiráð sem hér segir, sbr. rökstuðning í greinargerð:

- Fastanefnd í Vínarborg, sem sinni Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (OSCE/ÖSE), samráðsnefnd samingsins um hefðbundinn herafla í Evrópu (JCG) og sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna. Sendiskrifstofan verði jafnskjótt og fært þykir sendiráð gagnvart Austurríki og grannríkjum þess, t. d. Tékklandi, Slóvakíu, Ungverjalandi, Slóveníu og Króatíu.

Rekstur fastanefndar í Vínarborg, sem mönnuð væri sendifulltrúa og flutningsskyldum ritara, myndi kosta, miðað við núverandi aðstæður, 35 milljónir kr. á ári. Auk þess fellur til kostnaður á aðalskrifstofu, m.a. vegna búferlaflutninga, embættisferða o. fl. um 4 milljónir kr. á ári. Stofnkostnaður er 4 milljónir kr.

Rekstrarkostnaður á fullmönnuðu sendiráði, þ.e. með sendiherra, sendiráðsritara, flutningsskyldum ritara, staðarráðnum ritara og aðstoðarmanni/bílstjóra yrði um 52 milljónir kr. árlega. Kostnaður aðalskrifstofu yrði þá árlega 6 milljónir kr. og stofnkostnaður 14 milljónir kr. til viðbótar.

- Sendiráð í Tókýó, sem auk fyrirsvars gagnvart Japan sinni jafnframt nokkrum ríkjum í Asíu og/eða Eyjaálfu.

Rekstrarkostnaður fullmannaðs sendiráðs í Tókýó, miðað við núverandi aðstæður, yrði u. þ. b. 95 milljónir kr. á ári.

Kostnaður aðalskrifstofu yrði u. þ. b. 8 milljónir kr. á ári og stofnkostnaður u. þ. b. 24 milljónir kr.

- Sendiráð í Ottawa, sem auk fyrirsvars gagnvart Kanada sinni nokkrum ríkjum Mið- og Suður-Ameríku. Það myndi jafnframt sinna málum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) og Norðvestur Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar (NAFO).

Rekstur sendiráðs í Ottawa með sendifulltrúa og flutningsskyldum ritara kostar, miðað við núverandi aðstæður, u. þ. b. 16 milljónir kr. á ári. Kostnaður, sem félli á aðalskrifstofu, yrði 3 milljónir kr. á ári og stofnkostnaður 6 milljónir kr.

Rekstrarkostnaður á fullmönnuðu sendiráði yrði um 36 milljónir kr. á ári. Kostnaður, sem félli á aðalskrifstofu, yrði 4 milljónir kr. á ári og stofnkostnaður u. þ. b. 11 milljónir kr.

Þegar litið er til lengri tíma leggur nefndin til að áfram verði kannað, með hliðsjón af þróuninni næstu ár, hvar þörf verði á að opna í framtíðinni sendiskrifstofur á öðrum svæðum en nú virðast koma helst til greina, svo sem á Miðjarðarhafssvæðinu (Róm/Madrid), í Suður-Ameríku (Buenos Aires/Santiago) og Suður- og Suðaustur-Asíu (t.d. Nýju Delhi). Auk þess er lagt til að fylgst verði vel með þróun mála í þessu sambandi í Mið-Austurlöndum og Afríku.

Við opnun nýrra sendiráða verði leitast við að tryggja gagnkvæmni af hálfu viðkomandi ríkja.

Nefnd um framtíð utanríkisþjónustunnar gerir hér markvissar tillögur um eflingu utanríkisþjónustunnar. Ljóst er að talsverður kostnaðarauki fylgir framkvæmd þeirra. Má áætla að kostnaðurinn sé ekki undir 300 milljónum króna á ári miðað við að allar tillögurnar komi til framkvæmda. Er þar um að ræða fjórðungs aukningu á fjárveitingum til rekstrar ráðuneytisins og sendiskrifstofanna. Mikilvægt er að tillögunum sé raðað í forgangsröð, þannig að sem mestur árangur fái fyrir sem minnst fé.

## III GREINARGERÐ

### III.1 Breytt alþjóðaumhverfi

Lok kalda stríðsins gjörbreyttu hinu alþjóðlega umhverfi og þar með stöðu Íslands gagnvart umheiminum. Þessar breytingar, samfara stóraukinni samvinnu þjóða og vaxandi áhrifum umheimsins á lífskjör hér á landi, kalla á reglubundið endurmat á stöðu Íslands og hagsmunagæslu fyrir landsins hönd á alþjóðavettvangi. Til að mæta auknum kröfum þarf öfluga utanríkisþjónustu.

Eftir kalda stríðið er unnið að nýskipan öryggis- og varnarmála í Evrópu. Má þar sérstaklega nefna aukið samstarf ríkja Atlantshafsbandalagsins og ríkja Mið- og Austur-Evrópu. Þótt friðvænlegra sé nú í Evrópu en oft áður, eru núverandi aðstæður viðkvæmar og afar mikilvægt að skipa málum vel í þeim efnum.

Mikilvægur þáttur í því að skapa varanlegt öryggiskerfi í álfunni er að stuðla að stöðugleika á sem flestum sviðum samfélagsins og í samskiptum milli þjóða. Unnið er að því að efla lýðræðisþróun í hinum nýfrjálsu ríkjum, renna stoðum undir lýðræðislegar stofnanir, auka mannréttindi og almennt öryggi borgaranna og byggja upp eðlilegt atvinnulíf og markaðsbúskap.

Í Evrópusambandinu hefur verið hert verulega á samrunaþróuninni og hún orðið mun víðtækari en áður. Þá er stefnt að því að aðildarríkjum sambandsins fjölgi verulega eftir aldamót. Vaxandi heimsverslun og aukin viðskiptafrelsi valda því að samstarf í viðskiptum og efnahagsmálum eykst hratt, svo sem innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Fleiri mál en áður kalla á alþjóðlega samvinnu og mannkynið stendur að auki frammi fyrir ýmsum vandamálum sem ekki verða leyst nema með sameiginlegu átaki allra þjóða. Þetta á einkum við um sjálfbæra nýtingu auðlinda jarðar, umhverfisvernd, heilbrigði og fæðuöryggi heimsins. Ljóst er að allt frá árinu 1992, er þjóðir heims gáfu út sameiginlega yfirlýsingu um sjálfbæra þróun í Rio de Janeiro, hefur umhverfisumræðan stöðugt farið vaxandi, ekki síst hvað snertir verndun lifandi auðlinda hafsins og umgengni við þær. Með öflugum starfi að þessum málum á erlendum vettvangi er fjárfest í framtíðinni. Á sama hátt ber þjóðum heims skylda til að aðstoða þær þjóðir sem skammtu til á veg komnar í efnahagslegu tilliti og stuðla þannig að velferð alls mannkyns.

Megineinkenni alþjóðakerfisins nú er að þjóðfélög verða stöðugt fyrir meiri utanaðkomandi áhrifum og sífellt háðari samskiptum og samstarfi út á við. Skilin milli alþjóðamála og innanlandsmála hafa einnig orðið mun óljósari en áður. Þessi breyting kallar á nánara samráð milli ráðuneyta til að tryggja samræmda og markvissa stefnu í málum Íslands á alþjóðavettvangi.

## III.2 Núverandi starfsemi

Ljóst er að verkefni utanríkisþjónustunnar hafa aukist verulega síðustu árin. Mannafli og búnaður er þó að mörgu leyti enn miðaður við þær aðstæður sem voru í utanríkismálum fyrir áratug. Það er álit nefndarinnar að nauðsyn beri til að búa þannig að utanríkisþjónustunni að hún geti tryggilega gætt hagsmuna Íslands. Tryggja þarf að ávallt sé nægur mannaflí í ráðuneytinu til að vinna úr og sinna erindum frá núverandi og nýjum sendiskrifstofum utanríkisþjónustunnar. Ráðuneytið þarf jafnan að vera í stakk búið til að gefa nauðsynlegar leiðbeiningar og fyrirsmáli til að tryggja framgang stefnu ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Mikilvægt er að gæta hagsmuna Íslands í hvers kyns tvíhliða samskiptum við önnur ríki.

Utanríkisráðuneytið þarf að leiða markvisst samráð um utanríkismál innan stjórnkerfisins og tryggja þannig samræmda stefnu stjórnvalda í utanríkismálum. Nauðsynlegt er að þau ráðuneyti, sem fjalla um mál er hafa utanríkispolítíska þýðingu, upplýsi utanríkisráðuneytið um slík mál og hafi við það samráð, jafnframt því sem utanríkisráðuneytið upplýsi önnur ráðuneyti um mál sem kunna að snerta þau.

Miklar breytingar eiga sér stað í öryggismálum. Á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO) fer nú fram mikilvæg samvinna við ríki sem áður voru í Varsjárbandalaginu og unnið er að stækkun Atlantshafsbandalagsins. Mikilvægt er að Íslendingar leggi áfram sitt af mörkum til friðargæslu á vegum bandalagsins og taki virkan þátt í að viðhalda öflugum tengslum í öryggismálum milli Evrópu og Norður-Ameríku. Jafnframt taki Ísland virkan þátt í samstarfi NATO við Evrópuríki utan bandalagsins, einkum Eystrasaltsríkin. Nauðsyn ber til að efla starf innan ráðuneytisins að þessum málum og styrkja fyrirvar af Íslands hálfu í Brussel og innan NATO og Vestur-Evrópusambandsins (VES). Hafin er vinna í ráðuneytinu við mat á varnarþörf Íslands fram á næstu öld. Þetta mun auka verulega álag á starf varnarmálaskrifstofu og alþjóðaskrifstofu frá því sem verið hefur. Fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu og sendiráð Íslands í Washington gegna einnig veigamiklu hlutverki á þessu sviði. Starf Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (OSCE/ÖSE) eflir stöð-

ugleika í Evrópu og þar er unnið í samvinnu við önnur samtök að mikilvægum þáttum í mótun nýs öryggiskerfis álfunnar fyrir næstu öld. Til þess að Ísland geti tekið virkan þátt í þessu starfi, þarf hið fyrsta að opna á ný fastanefnd hjá stofnuninni í Vínarborg.

Öll Evrópuríki nema Ísland hafa þar fastafulltrúa.

Ljóst er að nýting lifandi auðlinda hafsins, nýting vistvænnar orku og umhverfisvernd í þessu samhengi verða á næstu árum eitt helsta hagsmunamál Íslendinga í samskiptum við aðrar þjóðir. Það starf verður bæði að vinna í náinni samvinnu við einstakar þjóðir og á alþjóðavettvangi. Þannig verður þátttaka Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna æ mikilvægari á þessu sviði. Ljóst er að umfjöllun um auðlindamál er þar stöðugt meira áberandi, t.d. í nefndinni um sjálfbæra þróun (CSD). Tryggja þarf hina mikilvægu hagsmuni Íslands á þessum sviðum, einkanlega framkvæmd þeirra samninga sem Ísland á aðild að og þátttöku okkar í gerð nýrra samninga. Á þetta einnig við um starf innan svæðisbundinna stofnana og samninga þar sem unnið er að auðlindamálum, t. d. Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar (NAFO) og Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðsins (NAMMCO), og umhverfismálum, t.d. samningi um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR). Einnig er nauðsynlegt að gefa gaum að og jafnvel gerast aðili að öðrum alþjóðlegum sáttmálum sem færst hafa inn á svið auðlinda hafsins, svo sem sáttmálanum um viðskipti með dýr og plöntur í útrýmingarhættu (CITES).

Á meðan Rio sáttmálinn um rétt þjóða til sjálfbærrar nýtingar auðlinda heims og þróun hafréttar með sérstöku tilliti til strandríkisréttar hefur styrkt stöðu Íslands, hefur einnig borið á öfgafullum sjónarmiðum í umhverfisvernd og skaðlegum áróðri á erlendum vettvangi gegn fiskveiðum og öðrum sjávarnytjum. Örökstuddar alhæfingar um meint bág ástand fiskstofna og mengun hafsins, sem oft er að finna í erlendum fjölmiðlum, geta haft afar alvarlegar afleiðingar fyrir framleiðendur fiskis á Íslandi, landi þar sem hreinn sjór hefur jafnan verið söluvara. Ljóst er að umhverfismræðan á erlendum vettvangi snertir í dag alla þætti þjóðlífsins og þar af leiðandi alla málaflokka stjórnsýslunnar. Við slíku ber að bregðast með skipulögðum hætti, þverfaglegum þar sem við á, bæði í málflutningi fulltrúa landsins erlendis og upplýsingastarfi í samstarfi viðkomandi ráðuneyta undir forystu utanríkisþjónustunnar.

Innan Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland lagt lið ýmsum velferðarmálum sem ráða munu úrslitum um framtíð mannkynsins, s.s. umhverfisvernd, mannréttindum og friðarviðleitni. Íslandi ber að taka þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna að þessum málum, enda verða hnattræn málefni af þessu tagi ekki leyst nema öll ríki leggist á eitt í þeim efnum. Því er nauðsynlegt að hafa öflugt fyrirvar af Íslands hálfu hjá S.þ. í New York og Genf.

Nefndin telur mikilvægt að styrkja enn frekar þróunarsamstarf Íslands, bæði tvíhliða þróunarsamstarf á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ), og innan alþjóðlegra stofnana eins og Alþjóðabankans, Þróunaráætlunarinnar (UNDP), Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar (FAO) og Menningarmálastofnunarinnar (UNESCO). Utanríkisráðuneytið tók nýlega við umsjá með tengslum Íslands við Alþjóðabankann í Washington D.C. og stofnanir hans, sem viðskiptaráðuneytið hafði áður. Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin hafa náði samstarf sín á milli um málefni bankans, þar sem þau skipa sameiginlega stjórnarmenn og hafa sameiginlega skrifstofu. Sú ábyrgð gerir nýjar kröfur til starfslíðs þess og skipulags. Tillögur nefndarinnar ná ekki til tvíhliða þróunarsamvinnu þar sem hún er sérstaks eðlis og tillögur um fjárveitingar til hennar falla utan verksviðs nefndarinnar.

Aukinni alþjóðavæðingu hefur fylgt umfangsmeiri og flóknari samningagerð við önnur ríki. Mikilvægt er að styrkja starf utanríkisráðuneytisins að þjóðréttarmálum, m.a. gerð milliríkjasamninga, undirbúningi fullgildingar þeirra og birtingu og að skipulagi samningasafns í ráðuneytinu. Þátttaka

annarra ráðuneyta í samningagerð hefur færst í vöxt og er brýnt að efla ráðgjöf til þeirra og yfirumsjón með samningagerðinni. Ennfremur er nauðsynlegt að mæta sívaxandi upplýsingabörf fyrir tækja og almennings og beita í því sambandi nýjustu tækni.

Norrænt samstarf hefur verið einn af meginþáttum utanríkisstefnunnar. Stjórnmalabreytingar síðustu ára hafa gert Norðurlandasamstarfið enn mikilvægara en áður, einkanlega í tengslum við þátttöku í samrunaþróun í Evrópu, samstarf á nærsvæðum og hefðbundið samstarf Norðurlandanna á sviði menntunar-, menningar- og félagsmála. Á síðustu árum hefur svæðasamstarf í norðaustanverðri álfunni aukist. Á vettvangi Eystrasaltsráðsins (CBSS) er unnið að uppbyggingu lýðræðislegra stofnana, mannréttindamála, viðskipta- og efnahagssamvinnu og umhverfisvernd. Í Eystrasaltsráðinu gefst Íslendingum með ýmsum hætti kostur á að stuðla að því að efla hag Eystrasaltsríkjanna. Á Eystrasaltssvæðinu verða að auki þegar fram í sækir mikilvægir markaðir fyrir íslenskar vörur og þekkingu. Barentsráðið (BEAC) tengist mikilvægum viðskiptahagsmunum og mun hafa mikla þýðingu í auðlinda- og umhverfismálum sem snerta Íslendinga. Stofnað hefur verið Norðurskautsráð, sem m.a. sinnir umhverfismálum, en gert er ráð fyrir að það færi verulega út kvíarnar á næstu árum. Opnun sendiráðs í Ottawa yrði til að styrkja þátttökuna í því starfi.

Evrópuráðið í Strassborg vinnur að því að efla mannréttindi, félagslegar umbætur og stöðugleika í Evrópu, nú einkanlega í hinum nýfrjálsu ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Þar starfa saman að fjölþættum verkefnum fjörutíu þjóðir sem áður skiptust í andstæðar fylkingar, bæði fulltrúar þjóðþinga og ríkisstjórna. Sérstaklega er mikilvægt að tryggja að Ísland geti látið að sér kveða og standi við skuldbindingar sínar á þessum vettvangi, sem lagður hefur verið grunnur að með fastanefnd í Strassborg.

Samskipti Íslands og Evrópusambandsins (ESB) fara sífellt vaxandi, einkum innan EES-samningsins. Þær öru og miklu breytingar, sem eiga sér stað innan ESB, með aðild nýrra ríkja og upptöku sameiginlegrar myntar, svo að dæmi séu tekin, munu hafa mikla þýðingu fyrir Ísland. Stækkingun ESB mun einnig hafa bein áhrif hér á landi, því að ný aðildarríki ESB verða jafnframt aðilar að EES-samningnum. Tryggja þarf að ráðuneytið geti sinnt þeirri samhæfingu og stefnumótun sem er nauðsynleg vegna ört vaxandi umsvifa í Evrópumálum.

Nefndin er þeirrar skoðunar að sendiráð Íslands í aðildarríkjum ESB þurfi í ríkari mæli að sinna málefnum sem varða samskipti okkar og ESB. Á það bæði við um öflun upplýsinga og vinnu við að afla sjónarmiðum fylgis í málum sem varða evrópska efnahagssvæðið og Schengensamstarfið. Vegna stækkunar ESB er af þessum sökum einnig nauðsynlegt að Ísland efli hagsmunagæslu sína í aðildarríkjum sambandsins. Einnig er nauðsynlegt að hafa áfram öflugt fyrirvar Íslands hjá stofnunum Evrópusambandsins í Brussel og Lúxemborg.

Þrátt fyrir fækkun aðildarríkja EFTA úr sjö í fjögur árið 1995 hefur starf Íslands að málefnum samtakanna síður en svo minnkað. Fækkun aðildarríkja EFTA leiddi til þess að efla varð fyrirsvarið og auka virka þátttöku í störfum samtakanna. Meginverkefni EFTA tengist framkvæmd EES-samningsins en EFTA hefur einnig aukið samstarf sitt við ríki og ríkjahópa utan ESB. Það kemur oftast en áður í hlut Íslands að hafa formennsku í EFTA, eða að jafnaði annað hvert ár. Formennskunni fylgir aukið vinnuálag fyrir utanríkisþjónustuna.

Fram undan eru mikil og vaxandi verkefni á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) í kjölfar samningalotu sem hefst um aldamót. Starfsemi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) hefur einnig aukist í kjölfar fjölgunar aðildarríkja stofnunarinnar. Tryggja þarf fullnægjandi fyrirvar Íslands gagnvart þessum stofnunum.

Eins og kemur í ljós hér að framan er Ísland aðili að fjölmörgum alþjóðastofnunum sem hafa á að skipa fjölmennu starfslíði frá aðildarríkjum. Flest aðildarríki alþjóðastofnana kappkosta að koma hæfu fólki frá löndum sínum í störf hjá þessum stofnunum. Mikilvægt er, að íslensk stjórnvöld vinni markvisst að því að koma Íslendingum, ýmist tímabundið eða varanlega, í stöður hjá alþjóðastofnunum þar sem ísleask viðhorf og reynsla geta nýst, jafnframt því sem aflað verður með störfum þessum nýrra sambanda og þekkingar er gagnast mun íslenskum hagsmunum. Má þar sérstaklega nefna störf á sviði sáttaumleitana og friðargæslu, mannúðar, mannréttinda og eflingar lýðræðis, efnahagsumbóta o. fl.

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins (VUR) tók til starfa hinn 1. september 1997. Meginhlutverk hennar er að styrkja samkeppnisstöðu og afkomu íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum með því að veita viðskiptaþjónustu á starfssvæðum íslenskra sendiráða. Sendiráð Íslands og kjöræðismenn verða nýtt í þeim tilgangi og ráðnir hafa verið viðskiptafulltrúar til starfa við sendiráðið í París og aðalræðisskrifstofuna í New York. Jafnframt hafa verið staðarráðnir starfsmenn við sendiráðin í Moskvu og Peking og útibú sendiráðsins í Berlín vegna viðskiptaþjónustunnar. Í öðrum sendiráðum munu starfsmenn utanríkisþjónustunnar sinna þessari þjónustu. Mikilvægt er að þróa og efla viðskiptaþjónustuna í náinni framtíð og nýta í þeim efnum sendiráð Íslands og kjöræðismenn frekar en nú er gert. Þá er nauðsynlegt að viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins starfi í nánnum tengslum við Útflutningsráð Íslands, til þess m.a. að tryggja að um eðlilega verkaskiptingu sé að ræða. Á sama hátt getur viðskiptaþjónustan aðstoðað við kynningu á íslenskri menningu, kvikmyndum, tónlist, bókmenntum og myndlist, og tengt saman hagsmuni þeirra sem starfa á menningar sviðinu og í viðskiptum. Viðskiptaþjónustan hefur skipulagt viðskiptaferðir undir forrystu utanríkisráðherra í samvinnu við Útflutningsráð og fyrirtæki til að kynna möguleika í íslensku atvinnulífi og til að afla markaða erlendis. Æskilegt er að þetta starf haldi áfram.

Samskipti á sviði menningarmála eru mikilvæg til að efla þekkingu þjóða á högum hverrar annarrar og gagnkvæman skilning þeirra í milli. Mikilvægt er að nýstofnuð upplýsinga- og menningarmálaskrifstofa verði búin vel úr garði, svo að hún megi vinna öfluglega að kynningu á fornri og nýrri menningu Íslendinga erlendis. Auka þarf miðlun ráðuneytisins á upplýsingum til almennings um utanríkismál og nýta til þess nýjustu tæknimöguleika, svo sem alnetið. Á þann hátt má auka skilning á mikilvægi erlendra samskipta fyrir Íslendinga.

Nefndin telur nauðsynlegt að renna styrkum stoðum undir daglega starfsemi ráðuneytisins og starfsemi almennrar skrifstofu þess að rekstri, fjármálum og starfsmannahaldi. Þegar er hafin allsherjar endurnýjun á tölvu- og fjarskiptabúnaði, sem hefur í för með sér grundvallarbreytingar á starfsumhverfi og starfsmannahaldi utanríkisþjónustunnar. Nýjasta tækni er nú viðhöfð í gerð fjárhagsáætlana, bókhaldi og eftirliti með fjármálum og útgjöldum. Sérstaklega er mikilvægt að renna stoðum undir skjalasafn ráðuneytisins, hvað snertir nýjustu tækni og mannafla, enda er gott skjalasafn grundvöllur að virku starfi þjónustunnar, ekki síst þar sem fjöldi þeirra erinda og málefna, sem koma til kasta hennar, hefur vaxið gífurlega. Ástæða er til að endurmeta ákvæði í lögum, sem skyldar utanríkisráðuneytið til að hafa bókasafn.

Hátt í tvö hundruð kjöræðismenn Íslands vinna ólaunuð störf víða um heim í tengslum við öflun viðskiptasambanda og aðra fyrirgreiðslu, enda er með starfi þeirra náð til svæða sem falla utan virkra starfssvæða sendiráða. Halda ber áfram þeirri stefnu að nýta betur kjöræðismennina í þessum tilgangi. Í þessu sambandi eru ræðismannaráðstefnur, sem haldnar eru á Íslandi og í umdæmum sendiráðanna, mikilvægar. Haldnar hafa verið fjórar ráðstefnur, 1971, 1977, 1986 og 1995. Þær þarf að halda oftar.

Flutningsskyldir starfsmenn utanríkisþjónustunnar þurfa að njóta að öllu leyti sambærilegra kjara við starfsmenn annarra ráðuneyta meðan þeir starfa heima. Réttindi þessara starfsmanna þarf að treysta og taka fullt tillit til sérstakra aðstæðna þeirra, sem leiða af ítrekaðri röskun búsetu. Kjaramunur má ekki torvela eðlilegan tilflutning starfsmanna milli starfsstöðva þjónustunnar heima og erlendis.

Ljóst er, að hagsmunir maka flutningsskyldra sendierindreka hafa ekki verið tryggðir nægilega vel. Í því sambandi verði haft í huga að æ fleiri makar flutningsskyldra starfsmanna verða að gera hlé á eða fórna starfsferli sínum, fylgi þeir mökum sínum til starfa erlendis. Nefndin fagnar því að Makafélag íslenskra sendierindreka var stofnað á síðasta ári. Tilgangur þess er að gæta hagsmuna og réttinda maka og fjölskyldna þeirra, m.a. hvað varðar lífeyrisréttindi, skólagöngu og atvinnumál.

### III.3 Nýjar sendiskrifstofur

Í samræmi við erindisbréf sitt athugaði nefndin þörfina á opnun nýrra sendiskrifstofa.

Nefndarmenn eru sammála um nauðsyn þess að setja á fót að nýju fastanefnd hjá ÖSE og öðrum alþjóðastofnunum í Vínarborg. Fastanefndin gæti einnig síðar gegnt hlutverki sendiráðs í Austurríki og nálægum ríkjum.

Nefndin telur enn fremur að setja eigi á fót sendiráð í tveimur löndum, Japan og Kanada.

Helstu efnisatriði sem að þessu lúta fara hér á eftir:

#### III.3.a Fastanefnd í Vínarborg

##### *Fyrirsvar hjá alþjóðastofnunum*

OSCE/ÖSE er mikilvægur hluti þess öryggiskerfis sem nú er í þróun í Evrópu. Stofnunin byggir á grunni Helsinkiferlisins og er mikilvægur samstarfsvettvangur Vestur-Evrópuríkja, Bandaríkjaanna, Kanada, þeirra ríkja, sem áður tilheyrðu Varsjárbandalaginu, og fyrrverandi Sovétríkja. OSCE/ÖSE hefur víða sendinefndir sem sinna friðargæslu, mannréttindum, lýðræðisþróun og kosningaeftirliti. Samráðsnefnd samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu (JCG), sem einnig er í Vínarborg, hefur eftirlit með framkvæmd samningsins (CFE).

Á árunum 1992-93 hafði Ísland fastanefnd hjá OSCE/ÖSE, með aðsetur í Vínarborg. Nú hefur sendiráðið í Bonn jafnframt fyrirsvar gagnvart OSCE/ÖSE, en ýmsum erfileikum er bundið að sinna því hlutverki þaðan. Aðeins tvö Evrópuríki hafa ekki fyrirsvar hjá OSCE/ÖSE í Vínarborg, Ísland og Andorra. Nauðsynlegt er því að setja á ný á fót fastanefnd Íslands hjá OSCE/ÖSE.

Fastanefnd í Vínarborg gæti einnig sinnt fyrirsvari hjá ýmsum stofnunum Sameinuðu þjóðanna, sem eru í Vínarborg. Þar má nefna Alþjóðakjarnorkumálastofnunina (IAEA) sem Íslendingar hafa verið aðilar að síðan 1957. Ísland hefur fengið umtalsverða tæknaðstoð frá stofnuninni. Starfsemi hennar er einkar mikilvæg hvað varðar geislavarnir og eftirlit með kjarnorkuúrgangi á norðurhveli jarðar.

Í Vínarborg eru enn fremur skrifstofur S.þ. fyrir afbrota- og fíkniefnavarnir, en alþjóðlegt sam-

starf á því sviði fer vaxandi. Hér er um að ræða Afbrotavarnanefndina (Commission on Crime Prevention and Criminal Justice), Fíkniefnavarnastofnun S.þ. (UN International Drug Control Programme, UNDCP) og Fíknilyfjaráðið (Commission on Narcotic Drugs).

Ákveðið hefur verið að skrifstofur sammingsins um algjört bann við tilraunum með kjarnavopn (CTBT), sem Ísland hefur skrifað undir, verði í Vínarborg.

Í Vínarborg er ennfremur Alþjóðaviðskiptalaganefndin (UNCITRAL). Þá má nefna Iðnþróunarstofnun S.þ. (UNIDO), sem Ísland er ekki aðili að. Ástæða er aftur á móti til að kanna aðild að stofnuninni vegna hugsanlegs hlutverks hennar varðandi nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.

#### *Sendiráð gagnvart Austurríki og öðrum umdæmislöndum*

Gagnkvæm viðurkenning milli Austurríkis og Íslands fór fram 1948, en sendiherrar voru skipaðir 1964.

Gott samráð fer fram á milli ríkjanna innan Sameinuðu þjóðanna, þar sem bæði eru aðilar að Vesturlandahópnum (WEOG) og innan annarra alþjóðastofnana.

Austurríki hefur sýnt samstarfi við NATO vaxandi áhuga innan EAPC og PfP. Líkur eru jafnvel taldar á að Austurríki sækji um aðild að bandalaginu. Á vettvangi Vestur-Evrópusambandsins fer fram samráð, þar sem Ísland er aukaaðili en Austurríki áheyrnaraðili.

Samskipti ríkjanna hafa verið nán síðan Ísland gerðist aðili að EFTA og síðan innan EES, eftir að Austurríki gerðist aðili að ESB. Mikilvægt er fyrir Ísland að rækta samband sitt við Austurríki, eins og önnur aðildarríki ESB, vegna mikilvægis Evrópusambandsins fyrir íslenskt efnahags- og viðskiptalíf.

Í Austurríki eru kjöræðisskrifstofur í Vín og Salzburg og hafa báðar töluverð umsvif.

Eðlilegt væri að sendiráð í Vínarborg sinnti einnig fyrirsvari gagnvart nálægum ríkjum, einkallega Tékklandi, Slóvakíu, Ungverjalandi, Króatíu og Slóveníu. Þegar fer fram margvíslegt samráð við þessi ríki og í ljósi líklegar aðildar þeirra að Evrópusambandinu og þar með EES er æskilegt að efla þau samskipti. Sum þessara ríkja munu á næstunni verða aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Nálægð við Vínarborg myndi auðvelda mjög tengsl við þessi ríki og spara langar og dýrar ferðir sendierindreka frá fjarlægum sendiráðum.

#### *Viðskiptahagsmunir*

Viðskiptalegt mikilvægi Mið-Evrópu fer mjög vaxandi. Austurríki er á margan hátt miðstöð viðskipta á þessu svæði. Ungverjaland keypti á árum áður mikið af fiskimjöli frá Íslandi og til lengri tíma lítið eru væntanlega markaðir í Búlgaríu fyrir íslenska þekkingu á sviði sjávarútvegs sem er mikilvæg atvinnugrein þar í landi.

Bæði í Austurríki og nálægum ríkjum mætti, með fulltingi viðskiptafulltrúa, auka tækifæri útflytjenda til muna. Markaðir eru þar t. d. góðir fyrir fullunnar sjávarafurðir í neytendapakningum. Nú er austurríski markaðurinn aðallega í höndum þýskra fiskframleiðenda sem líta á bæði Sviss og Austurríki sem stækkun á heimamarkaði. Þarna er því verk að vinna, sérstaklega þegar til lengri tíma er lítið, eftir því sem íslensk fyrirtæki auka framleiðslu fullbúinna sjávarrétta.



### *Ferðamál*

Löfiferðasamningur er í gildi við Austurríki og hafa Flugleiðir beint flug þangað á sumrin. Auka mætti ferðamannastraum á milli landanna.

### *Menningartengsl*

Góð menningartengsl eru við Austurríki, sem vert er að rækta betur og efla. Um áraráðir hafa verið góð samskipti á sviði tónlistar, en margir Íslendingar hafa numið list sína í Austurríki, auk annarra fræða. Við Vínarháskóla starfar íslenskur sendikennari. Austurríkismenn hafa gefið Háskólabókasafni rausnarlegar bókaþjafir. Austurríki hefur reglulega átt framlag á listahátíð í Reykjavík. Íslendingar hafa einnig stundað nám í Ungverjalandi og Tékklandi.

### **III.3.b Sendiráð í Tókýó**

Japan er áttunda fjölmennasta ríki heims. Hagkerfið er það næststærsta á eftir Bandaríkjunum, með rúmlega 4.300 milljarða dollara landsframleiðslu. Japan er í hópi sjö helstu iðnríkja heims (G-7). Að minnsta kosti 115 ríki hafa opnað sendiráð í Tókýó.

Stjórnmalasamband við Japan komst á 1956. Japanskur sendiherra afhenti fyrst trúnaðarbréf 1958, en íslenskur sendiherra afhenti trúnaðarbréf 1960.

### *Utanríkisþólitískir hagsmunir*

Ísland og Japan hafa átt með sér mikið samstarf síðustu áratugi og hafa hagsmunir þessara tveggja eyþjóða í helstu málefnum yfirleitt farið saman.

Samráð Íslands og Japans innan Sameinuðu þjóðanna hefur verið með ágætum, einkanlega innan samráðshóps þeirra iðnríkja, sem standa utan ESB (JUSSCANNZ-hópsins). Ísland hefur stutt að Japan fái fast sæti í Öryggisráði S.þ.

Í Tókýó er Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), sem Íslendingar eiga gott samstarfi við. Auk Jarðhitaskólans, sem starfað hefur í nær tvo áratugi á Íslandi, mun Sjávarútvegsskóli UNU taka til starfa hér á landi í ár. Áhugi er á því, að efna til samstarfs við UNU um varnir gegn uppblæstri og jarðvegseyðingu.

Ísland og Japan hafa um langt skeið haft náið samstarf um auðlindanýtingu, þ.m.t. hvalveiðar, og má gera ráð fyrir auknu samráði á þessu sviði.

Samstarf hefur einnig farið fram milli Íslendinga og Japana á sviði jarðskjálftavarna og nýtingar vistvænnar orku.

Sendiráð í Japan gæti efti stjórnmalatengsl við ríki í Suðaustur-Asíu, þ.e. ASEAN-ríkjahópin, og eins sinnt öðrum ríkjum eins og Ástralíu og Nýja-Sjálandi.

Ein aðalræðisskrifstofa er nú í Japan og er ástæða til að fjölga ræðisskrifstofum þar.

### *Viðskiptahagsmunir*

Japan er einn af stærstu mörkuðum Íslendinga og hefur útflutningur Íslands til Japans verið mikill um árabíl, einkum með sjávarafurðir. Japan skipar oftast þriðja til fjórða sætið í vöruútflutningi landsmanna og er álíka stór markaður fyrir íslenskar vörur og Þýskaland. Frá Japan eru einkum

fluttar inn bifreiðar, vélar og tæki og rafeindabúnaður.

Japan er mjög fjarlægur markaður og kostnaðarsamt að stunda þar viðskipti. Lítil og meðalstór íslensk fyrirtæki, sem áhuga hafa á viðskiptum við Japani, eiga í erfiðleikum vegna þessa. Almenn séð er markaðsaðgangur erfiður og helgast það mest af því að innlendir aðilar búa við margs konar vernd gegn innflutningi. Innflutningshöft, eins og kvótar, eru til staðar, t. d. á matvælum. Opinber gögn, svo sem heilbrigðisreglur og tollskrár, eru yfirleitt aðeins gefin út á japönsku. Þetta þýðir að lítil erlend fyrirtæki, sem þurfa á upplýsingum að halda, eiga litla von með að afla þeirra, þannig að þær komi að gagni, án milligöngu þeirra sem þekkja aðstæður og kunna tungumálið.

Þrátt fyrir að tollar á íslenskar afurðir séu almennt lágir til Japans, eða um 4,5-5%, eru háir tollar á ýmsar tegundir fisks og jafnvel innflutningskvótar. Þessar hömlur geta gert íslenskum fyrirtækjum erfitt fyrir, en þau hafa í vaxandi mæli farið út í sölu og markaðssetningu á sjávarfangi í Japan frá öðrum löndum en Íslandi. Sendiráð í Tókýó hefði mikilvægu hlutverki að gegna við að greiða götu íslenskra fyrirtækja á Japansmarkaði. Viðskiptahagsmunir Íslands í Japan tengjast jafnframt ýmsum öðrum greinum íslensks atvinnulífs, eins og ferðamannaþjónustu, framleiðslu tækja fyrir sjávarútveg og sölu landbúnaðarafurða eins og hrossakjöts og ærkjöts.

Eitt mikilvægasta hlutverk íslensks sendiráðs í Tókýó yrði að hvetja Japani til fjárfestinga á Íslandi, en þeir eru með stærstu alþjóðlegu fjárfestum. Markviss kynning á fjárfestingamöguleikum Japana á Íslandi og Íslendinga í Japan gæti leitt til betri viðskiptasambanda og stuðlað að atvinnusköpun á Íslandi.

Lítið hefur verið selt til Japans af vélum og tækjum til notkunar í sjávarútvegi og til matvælaframleiðslu, en þessi iðngrein flytur til fleiri landa en nokkur önnur. Til að auka þessi viðskipti þurfa fyrirtækin á aðstoð að halda á staðnum. Viðskiptahagsmunir íslenskra fyrirtækja eru margvíslegir í Japan og hægt væri að vinna að mörgum langtíma verkefnum með sendiráð á staðnum.

#### *Ferðamál*

Fjöldi japanskra ferðamanna til Íslands hefur aukist nokkuð undanfarin ár og er talið að auka megi hann enn til muna. Þar sem japanskir ferðamenn eyða hlutfallslega meira fé en flestir aðrir ferðamenn, eru þeir mjög áhugaverðir viðskiptavinir íslenskra fyrirtækja. Náðst hefur ágætur árangur í að selja Japönum ferðir til Íslands á vannýttum ferðamannatímum eins og um haust og vetur. Þeir hafa sérstakan áhuga á að ferðast til Íslands yfir áramót og til að skoða norðurljósinn. Sendiráðið gæti tvímælalaust unnið mikið starf í kynningu Íslands sem ferðamannalands.

#### *Menningartengsl*

Leitast hefur verið við að efla menntunar- og menningartengsl Íslands og Japans. Boðinn er styrkur til náms við Háskóla Íslands á gagnkvæmnisgrundvelli og fer menntamálaráðuneytið með sjóð vegna menningarsamskipta við Japan. Íslensk-japönsk vináttufélög starfa í Japan og á Íslandi. Sendiráð í Tókýó yrði til þess að efla menntunar- og menningartengsl landanna, sem gæti leitt til aukinna viðskipta og fjölgunar ferðamanna frá Japan til Íslands.

Eitt mikilvægasta hlutverk, sem stjórnvöld geta gegnt til að sinna viðskiptahagsmunum íslenskra fyrirtækja þegar til lengri tíma er lítið, er að hvetja og aðstoða íslensk ungmenni til að komast til náms í Japan þar sem þeim gæfist kostur á að nema tungu og menningu þjóðarinnar. Fólk með slíka menntun er grunnur að velgengni íslenskra fyrirtækja í Japan í framtíðinni.

### III.3.c Sendiráð í Ottawa

Næst á eftir Rússlandi er Kanada víðáttumest ríkja veraldar. Þar búa 30 milljónir manna. Landsframleiðsla Kanada er sú áttunda mesta í heiminum, 570 milljarðar USD, sem er litlu minna en landsframleiðsla Kína. Kanada er í hópi sjö helstu iðnríkja heims, svokölluðum G-7 hópi. Að minnsta kosti 112 ríki hafa opnað sendiráð í Ottawa, þ. á m. öll Norðurlöndin nema Ísland.

Fyrsti íslenski sendiherrann, með aðsetur í Washington D.C., afhenti trúnaðarbréf í Ottawa 1948, og fyrsti kanadíski sendiherrann, með aðsetur í Osló, afhenti trúnaðarbréf sitt hér á landi árið eftir.

#### *Utanríkisþóttískir hagsmunir*

Samskipti Íslands og Kanada eiga sér langa sögu, einkum vegna hins fjölmenna hóps Vestur-Íslendinga í Kanada.

Ísland og Kanada eru stofnaðilar að Atlantshafsbandalaginu og hafa tekið virkan þátt í samstarfi vestrænna þjóða. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna taka Ísland og Kanada þátt í samráði Vesturlandahópsins (WEOG) og iðnríkja utan ESB (JUSSCANNZ-hópsins), m.a. um framboð til nefnda og stofnana Sameinuðu þjóðanna. Ísland styður Kanada í framboði til öryggisráðsins 1998. Hagsmunir Íslands og Kanada fara mjög oft saman í helstu utanríkismálum.

Samráð milli Íslands og Kanada um hafréttarmál, umhverfismál og nýtingu lifandi auðlinda hafsins hefur lengi verið mikið og mun eflaust fara vaxandi, vegna aukins vægis þessara mála í alþjóðlegu samstarfi, einkum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Má m.a. nefna nána samvinnu ríkjanna í svokölluðum kjarnahópi strandríkja á úthafsveiðiráðstefnu S.þ. Sendiráð í Kanada gæti eflt þetta samstarf enn frekar og sinnt málefnum Norð-vestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar (NAFO), sem hefur aðsetur í Dartmouth við Halifax. Nefna má einnig málefni Norðurskautsráðsins, sem Kanadamenn leggja mikla áherslu á, og Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO) í Montreal.

Sendiráð í Ottawa myndi efla verulega starfsemi þeirra ellefu ræðisskrifstofa, sem Ísland hefur nú í Kanada.

Ísland hefur stjórnmalasamband við sautján ríki í Mið- og Suður-Ameríku og annast sendiráðið í Washington D.C. nú tengsl við flest þeirra. Sendiráð í Kanada gæti sinnt nokkrum þessara landa.

#### *Viðskiptahagsmunir*

Útflutningur Íslands til Kanada hefur aukist á undanförunum árum og er nú um 2% heildarútflutnings. Kanada er áhugaverður markaður fyrir íslenska útflytjendur og vaxtarmöguleikar miklir, ekki síst í ljósi viðræðna um fríverslunarsamning EFTA og Kanada.

Hluti viðskiptanna milli íslenskra og kanadískra fyrirtækja kemur ekki fram í opinberum tölum landanna vegna þess að í mörgum tilfellum fara viðskiptin í gegnum bandaríska milliliði. Einnig er algengt að íslensk fyrirtæki selji til kanadískra fyrirtækja sem hafa skrifstofur í Bandaríkjunum. Það er síðan viðkomandi fyrirtækja að sjá um að koma vörunni áfram til Kanada. Þessi viðskiptaleið er nokkuð algeng, m.a. vegna samgangna og bendir jafnframt til að reglur og lög, sem tengjast viðskiptamálum, séu flókin og kemur þar aðstoð stjórnvalda að notum.

Íslensk fyrirtæki hafa áhuga á Kanada sem nálægum markaði með mikla vaxtarmöguleika. Nokkur fyrirtæki reka nú þegar útibú í Kanada, sem sinna markaðsstarfi, bæði á austur- og vesturströnd

landsins og í sumum tilfellum einnig í Bandaríkjunum. Á þetta einkum við um fyrirtæki sem framleiða og selja vélar og tæki til sjávarútvegs. Þá hafa íslensk fyrirtæki sett á fót verksmiðjur í Kanada til fullvinnslu sjávarafurða.

Sendiráð í Kanada gæti, í samvinnu við viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins, gegnt þýðingarmiklu hlutverki í að efla þá útrás íslenskra fyrirtækja í Kanada sem þegar er hafin. Slík samvinna hefur skilað góðum árangri í Þýskalandi og Rússlandi, svo dæmi séu tekin. Sendiráðið gæti einnig stuðlað að samvinnu íslenskra og kanadískra fyrirtækja í sjávarútvegi og öðrum greinum.

#### *Ferðamáli*

Íslensk ferðaþjónusta er ný atvinnugrein í Kanada og tengist beinu áætlunarflugi þangað. Ljóst er að þar með skapast góð skilyrði fyrir því að selja Kanadamönnum flugferðir til Evrópu um Ísland og kynna í leiðinni land og þjóð.

#### *Menningartengsl*

Menningarsamskipti við Kanada hafa að miklu leyti tengst samskiptum við Vestur-Íslendinga, en þar í landi er fleira fólk af íslensku bergi brotið en í nokkru öðru landi utan Íslands. Talið er að þeir séu allt að sjötíu þúsund. Mikilvægt er að efla samskipti við þennan hóp, m.a. vegna áhuga þeirra á ferðum til Íslands og menningarsamstarfs. Tíðari flugferðir milli Íslands og Kanada gefa frekari möguleika á að efla þessi samskipti.

Undanfarin ár hefur starfað nefnd um samskipti við Vestur-Íslendinga, en hún hætti störfum í árslok 1996. Í október 1997 skipaði utanríkisráðuneytið starfsstjórn til tveggja ára til að endurreisa Þjóðræknisfélag Íslendinga. Félagið hefur m. a. tekið að sér að skrá fólk af íslenskum uppruna, styðja Vesturfarasetrið á Hofsósi og útgáfu Lögbergs-Heimskringlu. Starfandi eru Þjóðræknisfélög Íslendinga í Kanada og í Bandaríkjunum.

Mikil samskipti eru á milli Háskóla Íslands og háskóla í Kanada, ekki síst á sviði norrænna fræða. Fjölmargir Íslendingar hafa stundað nám í Kanada.

## Bókun Margrétar Frimannsdóttur

Skýrsla nefndarinnar er yfirlit yfir stöðuna eins og hún er nú og tilraun er gerð til þess að kortleggja á hvaða sviðum þurfi á komandi árum að bæta þjónustu utanríkisráðuneytisins.

Hér er hins vegar aðeins um ákveðna grunnvinnu að ræða; gera þarf mun víðtækari úttekt á allri þátttöku íslenskra aðila í alþjóðasamstarfi. Tíminn sem nefndin hafði til að starfa var of naumur og umfjöllun og tillögur því of þröngar. Miðast þær nær eingöngu við starfsemi utanríkisráðuneytisins.

Nauðsynlegt er að halda áfram þessari vinnu sem hér er hafin, kortleggja alla opinbera og hálf-opinbera þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi t.d. störf annarra ráðuneyta, Alþingis, opinberra stofnana, hagsmunasamtaka o.s.frv. Þetta þarf að gera með það að markmiði að samhæfa þátttöku og nýta takmarkaða fjármuni á markvissan hátt.

Skoða þarf hvort ekki er rétt að gera meiri kröfur um sérþekkingu og sérhæfingu á mismunandi sviðum í störfum sendiráða.

Setja þarf skýrari reglur um fagleg réttindi og skyldur starfsmanna utanríkisþjónustunnar meðal annars þegar teknar eru ákvarðanir um ráðningu og flutning starfsmanna.


Það er nauðsyn ef fámenn þjóð með takmarkaða fjármuni ætlar að gera sig gildandi í samstarfi þjóðanna að stefna og störf utanríkisþjónustunnar sé markviss en þó í stöðugri skoðun með það að markmiði að við forgangsriðun verkefna sé tekið fullt tillit til hagsmuna þjóðarinnar í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi. Því þarf að skoða hvort ekki má draga úr kostnaði við þjónustuna og vægi einstakra sendiráða til þess að mæta kostnaði vegna nýrra sendiráða og nefnda sem leggja ber meiri áherslu á vegna breyttra aðstæðna.

Breytt alþjóðlegt umhverfi kallar á víðtækar breytingar í starfsemi utanríkisþjónustunnar. Það þarf að leggja í það mun meiri vinnu en þessi nefnd gat innt af hendi á þeim tíma sem hún var að störfum að skilgreina markmið og gera tillögur að breyttu hlutverki og/eða skipulagi ýmissa sendiráða í takt við breyttar aðstæður.

Vinna nefndarinnar og skýrslan sjálf er því aðeins góður grunnur að áframhaldandi starfi sem nauðsynlegt er að hefja nú þegar.

# FYLGISKJAL 1

## Skipurit utanríkisþjónustunnar



## FYLGISKJAL 2

### Starfsmenn utanríkisþjónustunnar og umdæmi sendiskrifstofanna (Mars 1998)

Samtals eru 160 launaðir starfsmenn í utanríkisþjónustunni, þar af eru 63 í utanríkisráðuneytinu í Reykjavík og 97 í sendiskrifstofum erlendis. Af þeim síðarnefndu eru 65 útsendir og 32 staðarráðnir.

Ólaunaðir kjöræðismenn eru 193, þar af 58 aðalræðismenn, 111 ræðismenn og 24 vararæðismenn.

<p><b>Bonn</b> (Þýskaland, Austurríki, Serbía-Svartfjallaland, Sviss og Ungverjaland) 3 útsendir 2 staðarráðnir <u>5 samtals + 18 ræðismenn</u></p>	<p><b>London</b> (Bretland, Grikkland, Holland, Indland og Írland) 4 útsendir 2 staðarráðnir 1 frá öðru ráðuneyti <u>7 samtals + 18 ræðismenn</u></p>	<p><b>Peking</b> (Kína, Indónesía, Japan, Norður-Kórea, Suður-Kórea, Taíland og Víetnam) 3 útsendir 3 staðarráðnir <u>6 samtals + 7 ræðismenn</u></p>
<p><b>Brussel</b> (ESB, Belgía, Liechtenstein og Lúxemborg) 6 útsendir 3 staðarráðnir 8 frá öðrum ráðuneytum <u>17 samtals + 5 ræðismenn</u></p>	<p><b>Moskva</b> (Rússland, Búlgaría, Georgía, Moldóva, Mongólía, Rúmenía og Úkraína) 3 útsendir 4 staðarráðnir <u>7 samtals</u></p>	<p><b>Stokkhólmur</b> (Svíþjóð, Albanía, Eistland, Lettland og Slóvenía) 3 útsendir 2 staðarráðnir <u>5 samtals + 8 ræðismenn</u></p>
<p><b>Brussel</b> (NATO) 5 útsendir 1 staðarráðinn <u>6 samtals</u></p>	<p><b>New York</b> (S.þj. og aðalræðis- skrifstofa fyrir New York, New Jersey, Connecticut og Rhode Island) 6 útsendir 2 staðarráðnir <u>8 samtals</u></p>	<p><b>Strassborg</b> (Evrópuráðið) 2 útsendir 1 staðarráðinn <u>3 samtals</u></p>
<p><b>Genf</b> (EFTA, WTO o.fl.) 4 útsendir 2 staðarráðnir <u>6 samtals</u></p>	<p><b>Oslo</b> (Noregur, Króatía, Kýpur, Makedónía, Pólland, Slóvakía og Tékkland) 3 útsendir 2 staðarráðnir <u>5 samtals + 14 ræðismenn</u></p>	<p><b>Washington</b> (Bandaríkin, Argentína, Brasilía, Chíle, Kanada, Kólumbía, Mexíkó, Perú, Úrúgvæ, Venesúela og Kostaríka) 5 útsendir 2 staðarráðnir <u>7 samtals + 50 ræðismenn</u></p>
<p><b>Helsinki</b> (Finnland) 1 útsendir 1 staðarráðinn <u>2 samtals + 8 ræðismenn</u></p>	<p><b>París</b> (Frakkland, Ítalía, Portúgal, Spánn, Andorra, OECD, FAO og UNESCO) 3 útsendir 3 staðarráðnir <u>6 samtals + 21 ræðismaður</u></p>	
<p><b>Kaupmannahöfn</b> (Danmörk, Bosnía-Hersegóvína, Litháen og Tyrkland) 3 útsendir 2 staðarráðnir 2 frá öðrum ráðuneytum <u>7 samtals + 11 ræðismenn</u></p>		

# FYLGISKJAL 3

## Stjórnmalasamband og ræðissamband Íslands við erlend ríki (Mars 1998)

### I. Stjórnmalasamband (og ræðissamband) (110).

#### A. Bæði löndin hafa skipað sendiherra (72).

#### EVROPA (36)

Albanía	Ítalía	Serbía og Svartfjallaland <sup>a</sup>
Austurríki	Krótía	Slóvakía
Belgía	Kýpur	Slóvenía
Bretland	Lettland	Spánn
Búlgaría	Litháen	Sviss
Danmörk	Lúxemborg	Svíþjóð
Eistland	Makedónía <sup>a</sup>	Tékkland
(Evrópubandalagið)	Noregur	Tyrkland
Finnland	Páfagarður	Ungverjaland
Frakkland	Portúgal	Úkraína
Grikkland	Pólland	Pýskaland
Holland	Rúmenía	
Írland	Rússland	

#### AMERÍKA (utan Karíbahafs - 10)

Argentína	Kanada	Perú
Bandaríkin	Kólumbía	Úrúgvæ
Brasilía	Mexíkó	Venesúela
Chile		

#### KARÍBAHAF (2)

Barbadosseyjar	Kúba	
----------------	------	--

#### MIÐ-AUSTURLÖND (6)

Egyptaland	Íran	Jórdanía
Írak	Ísrael	Túnis

#### ASÍA (utan Mið-Austurlanda - 11)

Bangladess	Kína	Suður-Kórea <sup>iv</sup>
Indland	Mongólía	Taíland
Indónesía	Norður-Kórea <sup>iii</sup>	Víetnam
Japan	Pakistan	

#### EYJAÁLFA (1)

Ástralía		
----------	--	--



AFRÍKA (utan Mið-Austurlanda - 6)

Grænhöfðaeyjar Kenía	Namibía Nígería	Suður-Afríka Tansanía
-------------------------	--------------------	--------------------------

B. Aðeins annað ríkið hefur skipað sendiherra (20).

a. Aðeins hið erlenda ríki hefur skipað sendiherra (12).

Alsír Angóla Botsvana Gana	Kúveit Lesótó Marokkó Nepal	Níger Níkaragva Svasíland Úganda
-------------------------------------	--------------------------------------	---

b. Aðeins Ísland hefur skipað sendiherra (8).

Andorra Bahamaeyjar Bosnía og Hersegóvína	Epíopía Georgía Kostaríka	Liechtenstein Sádi-Arabía
---	---------------------------------	------------------------------

C. Sendiherrar ekki skipaðir (18).

Armenía Aserbaídsjan Barein Grenada Gvatemala Jemen	Líbanon Maldíveyjar Marshalleyjar Moldóva Mósambík Nýja-Sjáland	Óman San Marínó Seychelleseyjar Sómalía Türkmenistan Úsbekistan
--	--	--

II. Ræðissamband eingöngu (6).

(Aðeins Ísland hefur skipað ræðismann).

Filippseyjar Malasía	Malta Panama	Singapúr Srí Lanka
-------------------------	-----------------	-----------------------

III. Ríki sem Ísland hefur hvorki stjórnálagasamband né ræðissamband við (74).

EVROPA (2)

Hvíta-Rússland	Mónakó	
----------------	--------	--

AMERÍKA (utan Karíbahafs - 8)

Belís Bólivía Ekvador	El Salvador Gvæana Hondúras	Paragvæ Súrínam
-----------------------------	-----------------------------------	--------------------

KARÍBAHAF (9)

Antígva og Barbúda Dóminíka Dóminíska lýðveldið Haítí	Jamaíka Sankti Kristófer og Nevis Sankti Lúsía	Sankti Vincent og Grenadíneyjar Trínídad og Tóbagó
--	--	--

## MIÐ-AUSTURLÖND (5)

Afganistan Katar Líbía	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Sýrland
------------------------------	-----------------------------------	---------

## ASÍA (utan Mið-Austurlanda - 8)

Brúnei Bútan Kambódía	Kasakstan Kirgisía Laos	Burma Tadsjikistan
-----------------------------	-------------------------------	-----------------------

## EYJAÁLFA (11)

Fídjieyjar Kíríbatí Míkrónesía Nárú	Palá Papúa Salómonseyjar Samóa	Tonga Túvalú Vanúatú
--	---	----------------------------

## AFRÍKA (utan Mið-Austurlanda - 31)

Benín Búrkína Fasó Búrúndí Djibútí Erítrea Fílabeinsströndin Gabon Gambía Gínea Gínea-Bissá Kamerún	Kongó Kómóreyjar Líbería Madagaskar Malaví Malí Máritanía Máritíus Mið-Afríkulyðveldið Miðbaugs-Gínea Rúanda	Saír Sambía Saó Tóme og Prinsípe Senegal Simbabve Síerra Leóne Súdan Tógó Tsjad
---	--	---

## Samantekt

I. Stjórnmalasamband (og ræðissamband)	110
A. Bæði löndin hafa skipað sendiherra	72
B. Aðeins annað ríkið hefur skipað sendiherra	20
a. Erlenda ríkið	12
b. Ísland	8
C. Sendiherrar ekki skipaðir	18
II. Ræðissamband eingöngu	6
(Aðeins annað ríkið hefur skipað ræðismann)	0
III. Ekkert stjórnála- eða ræðissamband	74
Lönd samtals <sup>v</sup>	190

i Fyrrum sambandslýðveldi Júgóslavíu.

ii Fyrrum sambandslýðveldi Júgóslavíu.

iii Alþýðulyðveldið Kórea.

iv Lýðveldið Kórea.

v Miðað er við lönd sem tilheyra Sameinuðu þjóðunum eða sérstofnunum þeirra, auk Kíríbatí og Túvalú. Þau lönd sem tilheyra aðeins sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna eru Nárú, Páfagarður, Sviss og Tonga.

## FYLGISKJAL 4

Fyrirsvar Íslands við ríki sem Ísland hefur stjórn mála- eða ræðissamband við  
og fyrirsvar þeirra gagnvart Íslandi  
(Mars 1998)

Land	Fyrirsvar Íslands <sup>d</sup>	Fyrirsvar gagnvart Íslandi
Albanía	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Alsír	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Andorra <sup>ii</sup>	Sr. París	Ráðuneytið
Angóla	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Argentína	Sr. Washington	Sr. Osló
Armenía	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Aserbaídsjan	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Austurríki	Sr. Bonn	Sr. Kaupmannahöfn
Ástralía	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Bahamaeyjar	Ráðuneytið	Sr. Washington
Bandaríkin	Sr. Washington	Sr. Reykjavík
Bangladess	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Barbadoseyjar <sup>iii</sup>	Sr. Washington	Sr. London
Barein	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Belgía	Sr. Brussel	Sr. Osló
Bosnía og Hersegóvína	Sr. Kaupmannahöfn	Ráðuneytið
Botsvana	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Brasilía	Sr. Washington	Sr. Osló
Bretland	Sr. London	Sr. Reykjavík
Búlgaría	Sr. Moskvu	Sr. Stokkhólmi
Chile	Sr. Washington	Sr. Osló
Danmörk	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Reykjavík
Egyptaland	Ráðuneytið	Sr. Osló
Eistland	Sr. Stokkhólmi	Sr. Kaupmannahöfn
(Evrópubandalagið)	Sr. Brussel	Sr. Osló
Éþíópía	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Filippseyjar <sup>iv</sup>	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Finnland <sup>v</sup>	Sr. Helsinki	Sr. Reykjavík
Frakkland	Sr. París	Sr. Reykjavík
Gana	Ráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Georgía	Sr. Moskvu	Ráðuneytið
Grenada	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Grikkland	Sr. London	Sr. Osló
Grænhöfðeyjar	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Gvatemala	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Holland	Sr. London	Sr. London
Indland	Sr. London	Sr. Osló
Indónesía	Sr. Peking	Sr. Osló
Írak	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Íran	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Írland	Sr. London	Sr. Kaupmannahöfn
Ísrael	Ráðuneytið	Sr. Osló
Ítalía	Sr. París	Sr. Osló

Japan	Sr. Peking	Sr. Osló
Jemen	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Jórdanía	Ráðuneytið	Sr. London
Kanada	Sr. Washington	Sr. Osló
Kenía	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Kína	Sr. Peking	Sr. Reykjavík
Kostaríka <sup>vi</sup>	Sr. Washington	Ráðuneytið
Kólumbía	Sr. Washington	Sr. Stokkhólmi
Krótía	Sr. Osló	Sr. Kaupmannahöfn
Kuveit	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Kúba	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Kýpur	Sr. Osló	Sr. Stokkhólmi
Lesótó	Ráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Lettland	Sr. Stokkhólmi	Sr. Kaupmannahöfn
Liechtenstein	Sr. Brussel	Ráðuneytið
Litháen	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Kaupmannahöfn
Líbanon	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Lúxemborg	Sr. Brussel	Sr. London
Makedónía <sup>vii</sup>	Sr. Osló	Sr. London
Malasía <sup>viii</sup>	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Maldíveyjar	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Malta <sup>ix</sup>	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Marokkó	Ráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Marshallseyjar	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Mexíkó	Sr. Washington	Sr. Osló
Moldóva	Sr. Moskvu	Ráðuneytið
Mongólía	Sr. Moskvu	Sr. London
Mósambík	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Namibía	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Nepal	Ráðuneytið	Sr. London
Níger	Ráðuneytið	Sr. Brussel
Nígería	Ráðuneytið	Sr. Dublin
Níkaragva	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Norður-Kórea <sup>x</sup>	Sr. Peking	Sr. Stokkhólmi
Noregur	Sr. Osló	Sr. Reykjavík
Nýja-Sjáland	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Óman	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Pakistan	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Panama <sup>xi</sup>	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Páfagarður	Ráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Perú	Sr. Washington	Sr. Stokkhólmi
Portúgal	Sr. París	Sr. Osló
Pólland	Sr. Osló	Sr. Osló
Rúmenía	Sr. Moskvu	Sr. Osló
Rússland	Sr. Moskvu	Sr. Reykjavík
San Marínó	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Sádi-Arabía	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Serbía og Svartfjallaland <sup>xii</sup>	Sr. Bonn	Sr. Stokkhólmi
Seychelleseyjar	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Singapúr <sup>xiii</sup>	Ráðuneytið	Ráðuneytið


Slóvakía	Sr. Osló	Sr. Osló
Slóvenía	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Sómalia	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Spánn	Sr. París	Sr. Osló
Srí Lanka <sup>xiv</sup>	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Suður-Afríka	Ráðuneytið	Sr. Osló
Suður-Kórea <sup>xv</sup>	Sr. Peking	Sr. Osló
Svasíland	Ráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Sviss	Sr. Bonn	Sr. Osló
Svíþjóð	Sr. Stokkhólmi	Sr. Reykjavík
Taíland	Sr. Peking	Sr. Kaupmannahöfn
Tansanía	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Tékkland	Sr. Osló	Sr. Osló
Túnis	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Túrkménistan	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Tyrkland	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Osló
Ungverjaland	Sr. Bonn	Sr. Stokkhólmi
Úganda	Ráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Úkraína	Sr. Moskvu	Sr. Helsinki
Úrúgvæ	Sr. Washington	Sr. Ottawa
Úsbekistan	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Venesúela	Sr. Washington	Sr. Osló
Víetnam	Sr. Peking	Sr. Stokkhólmi
Þýskaland	Sr. Bonn	Sr. Reykjavík
<b>Samantekt</b>	<b>Fjöldi undæmislanda<sup>xvi</sup></b>	<b>Fjöldi erlendra sendir.<sup>xvii</sup></b>
	Sr. Washington: 12 Sr. Moskvu: 7 Sr. Osló: 7 Sr. Peking: 7 Sr. Bonn: 5 Sr. London: 5 Sr. París: 5 Sr. Stokkhólmur: 5 Sr. Kaupmannahöfn: 4 Sr. Brussel: 3 Sr. Helsinki: 1 Ráðuneytið: 55	Reykjavík: 10 Stokkhólmur: 26 Osló: 24 Kaupmannahöfn: 13 London: 7 Brussel: 1 Dublin: 1 Helsinki: 1 Ottawa: 1 Washington: 1 Ráðuneytin: 31
<b>Samtals: 116<sup>xviii</sup></b>	<b>Samtals: 116</b>	<b>Samtals: 116</b>

- i Miðað er við forsetaúrskurð nr. 11/1996, nema annað sé tekið fram.
- ii Breyting frá forsetaúrskurði.
- iii Breyting frá forsetaúrskurði.
- iv Aðeins ræðissamband.
- v Breyting frá forsetaúrskurði.
- vi Breyting frá forsetaúrskurði.
- vii Fyrirum Sambandslýðveldi Júgóslavíu.
- viii Aðeins ræðissamband.
- ix Aðeins ræðissamband.
- x Alþýðulýðveldið Kórea.
- xi Aðeins ræðissamband.

- xii Fyrirum sambandslýðveldi Júgóslavíu.
- xiii Aðeins ræðissamband.
- xiv Aðeins ræðissamband.
- xv Lýðveldið Kórea.
- xvi Íslenskra sendiráða og utanríkisráðuneytisins.
- xvii Gagnvart Íslandi í viðkomandi borgum og fjöldi utanríkisráðuneyta sem fer með fyrirsvarið.
- xviii Lönd heims eru 190 talsins. Þar af hefur Ísland hvorki stjórnmálasamband né ræðissamband við 75 þeirra. Miðað er við lönd sem tilheyra Sameinuðu þjóðunum eða sérstofnunum þeirra, auk Kíríbatí og Tívaló. Þau lönd sem tilheyra aðeins sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna eru Nári, Páfagarður, Sviss og Tonga.

# FYLGISKJAL 5

## Hlutfall utanríkisráðuneytisins í útgjöldum ríkissjóðs



\* Án fjárfestinga í Berlín, Washington og London

fj.ári. '97+fjárskil

# FYLGISKJAL 6

## Kostnaður við nýráðningu starfsmanna utanríkisþjónustunnar

Miðað við verðlag í febrúar 1998 er launakostnaður (laun og launatengd gjöld) vegna ráðningu sendiráðsritara/deildarsérfræðings í utanríkisráðuneytinu um 3 millj. kr. á ári. Áætlaður ferða- og skrifstofukostnaður er 1,5 millj. kr. á ári. Til viðbótar kemur stofnkostnaður að fjárhæð 0,5 millj. kr. vegna húsgagnakaupa, tölvubúnaðar o.fl. Ef fjölgun kallar á breytingar á húsnæði verður stofnkostnaðurinn meiri.

Samsvarandi kostnaður vegna starfsmanns í sendiráði Íslands er 8-10 millj. kr. á ári vegna launa, húsnæðis o.fl., auk 2 millj. kr. skrifstofu- og stofnkostnaðar. Miðað er við meðalútgjöld vegna sendiráðsritara með maka og tvö börn.

# FYLGISKJAL 7

## Listi yfir gögn sem lögð voru fyrir nefndina

1. Lög um utanríkisþjónustu Íslands.
2. Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur.
3. Stefnuræða utanríkisráðherra til Alþingis 17. apríl 1997.
4. Handbók ræðismanna - Manual for Honorary Consuls of Iceland.
5. Meðferð utanríkismála eftir Pétur Thorsteinsson.
6. Stjórnsýsluendurskoðun á utanríkisráðuneytinu, maí 1996.
7. Handbók utanríkisráðuneytisins og Diplomatic List.
8. Skýrsla nefndar frá árinu 1986 um athugun á fyrirkomulagi utanríkisþjónustu Íslands í Asíu.
9. Skýrsla Jónasar H. Haralz um þróunarsamvinnu Íslands.
10. Ljósrit bókarinnar Óþörf sendiráð? eftir Benedikt Gröndal.
11. Verkefnayfirlit utanríkisráðuneytisins (júní 1997).